

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK MENNINGAR- OG TÓMSTUNÐARÁÐS

**87. fundur Menningar- og tómsunduráðs. Haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra
20. janúar 2010 kl. 16:30.**

Mættir eru: Már Hermannsson, Sigrún Þórðardóttir, Sveinn Benónýsson og Pétur Arnarsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Umræða um fjárhagsáætlun
2. Önnur mál.

Þetta er 3ja tilraun til þess að halda 86. fund og nú er mæting fullnægjandi og eru aðrar bókanir merktar 86. fundur því úreltar.

1. Sveinn Benónýsson kynnti úthlutun í fjárhagsáætlun til verklegra framkvæmda við Íþróttamiðstöð, félagsmiðstöðvar og íþróttavelli í Kirkjuhvammi. Sagði hann frá tillögum sínum um úrbætur á íþróttasvæði í Kirkjuhvammi, um er að ræða 4 misumfangsmiklar tillögur varðandi knattspyrnu- og frjálsíþróttavöll. Ekki var unnt að leggja fram formleg gögn til kynningar að svo stöddu. Rætt um færslu félagsmiðstöðvarinnar Oríon úr núverandi húsnaði að Höfðabraut 6 í kjallara félagsheimilisins. Einnig lagði Sveinn B. fram skýrslu Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra fyrir árið 2009. Almenn umræða um skýrsluna og starfsemina almennt.
2. Eftir umræður undirritaðra nefndarmanna varðandi starfssvið nefndarinnar viljum við koma eftirfarandi á framfæri. Við undirrituð teljum að þrátt fyrir að hlutverk nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi hennar sé góðra gjalda verð hefur reynslan kennt okkur að þau málefni sem heyra undir hana séu þegar afgreidd þegar þau koma til umsagnar nefndarinnar, og teljum við að nefndin hafi ekkert vægi innan stjórnsýslunnar. Leggjum við því til að þau málefni sem hingað til hafi heyrt undir nefndina verði færð undir aðrar nefndir og starfssvið starfsmanna sveitarfélagsins og nefndin í núverandi mynd lögð niður.

Fundi slitið kl. 18:03.

Pétur Arnarsson(sign.),
Sigrún Þórðardóttir(sign.),

Már Hermannsson(sign.),
Sveinn Benónýsson(sign.).